GUNNLAUGUR PÉTURSSON
og
KRISTINN HAUKUR SKARPHÉÐINSSON

tóku saman

# Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1979



Ský
Nát

NÁTTÚRUFRŒÐISTOFNUN ÍSLANDS

Reykjavík, desember 1980

GUNNLAUGUR PÉTURSSON
og
KRISTINN HAUKUR SKARPHÉÐINSSON

tóku saman

# Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 1979

Lesendur hafi vinsamlegast í huga, að þetta er einungis bráðabirgðaskýrsla. Ætlunin er að birta hana á prenti innan tíðar. Þangað til eru menn beðnir að vitna ekki í hana á opinberum vettvangi.



NÁTTÚRUFRŒÐISTOFNUN ÍSLANDS

Reykjavík, desember 1980

Fjölritun og frágangur:
OFFSETFJÖLRITUN BIRKIS

# I N N G A N G U R

Frá árinu 1943 hefur ekkert yfirlit um sjaldgæfa fugla komið út á Íslandi. Finnur Guðmundsson safnaði slíkum upplýsingum fyrir árin 1938-43 og birti í Náttúrufræðingnum (Fuglanýjungar I-III, Náttúrufr. 10.,12. og 14.árg.). Bjarni Sæmundsson drap ávallt á helstu fuglanýjungar í Skýrslu Náttúrufræðifélagsins og síðar í Náttúrufræðingnum. Síðan hafa ýmsir getið sjaldgæfra fugla frá Íslandi, m.a. í fyrrgreindu tímariti og Týli, en samantekt hefur skort í tæp fjörutíu ár. Engu að síður hefur miklu efni verið safnað, aðallega á vegum Náttúrufræðistofnunar, og bíður það nú birtingar. Athugendum og þar með athugunum fjölgar stöðugt, svo nú er brýnna en áður að leysa útgáfumálin.

Um alllangt skeið hafa verið uppi raddir um að hefja að nýju útgáfu ársyfirlits um sjaldgæfa fugla svo og birtingu eldra efnis. Vorið 1979 komu til fundar á Náttúrufræðistofnun ýmsir aðilar, sem látið hafa þessi mál til sín taka. Veturinn eftir var myndaður óformlegur starfshópur áhugamanna og stofnunarinnar. Ákveðið var að koma út yfirliti um sjaldgæfa fugla fyrir árið 1979 og var fuglaáhugamönnum víða um land sent bréf, þar sem þeir voru hvattir til að senda inn athuganir. Heimtur voru fremur rýrar, en þeir sem stóðu sig best hafa flestir sent gögn til Náttúrufræðistofnunar um árabil. Ætlunin er að birta þessa skýrslu á prenti innan tíðar, líklega í Náttúrufræðingnum. Ástæðan fyrir þessum drætti er sú, að aðstandendur skýrslunnar óska eftir gagnrýni á vinnubrögð og framsetningu og því er henni dreift sem handriti. Viðbrögð lesenda munu síðan móta form og efni þessarar skýrslu sem og annarra slíkra í framtíðinni.

# G A G N A S Ö F N U N  O G  Ú R V I N N S L A

Í sumum nágrannalöndum okkar fjalla nefndir áhugamanna og fræðimanna um athuganir á sjaldgæfum fuglum. Nefndarmenn eru kosnir eða skipaðir af fuglafræðifélögum. Hér á landi er slíkum félagsskap ekki til að dreifa, en komið hefur verið á fót samstarfshópi ("nefnd") áhugamanna og Dýrafræðideildar Náttúrufræðistofnunar, sem ætlað er að sinna þessum málum.

Leitað var til fuglaáhugamanna í Reykjavík og nágrenni og falast eftir aðstoð þeirra við að koma þessari samantekt út. Æskilegast hefði verið að fá menn úr dreifbýlinu til liðssinnis, en tíð og ströng fundarhöld hefðu reynst landsbyggðarfulltrúum ofviða. Þó starfaði Hálfdán Björnsson á Kvískerjum í nefndinni og Gunnlaugur Pétursson frá Akureyri. Aðrir nefndarmenn eru: Árni Waag Hjálmarsson, Arnþór Garðarsson, Erling Ólafsson, Gunnlaugur Þráinsson, Jóhann Óli Hilmarsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Ólafur Karl Nielsen, Skarphéðinn Þórisson og Ævar Petersen.

## Gagnasöfnun

Dreifibréf var sent til níutíu og sex fuglaáhugamanna um land allt í janúarlok 1980 (fylgiskjal I). Fimmtíu og fimm þeirra sendu inn athuganir og nokkrir kváðust engin gögn hafa um sjaldgæfa fugla frá 1979. Hinir létu ekkert í sér heyra. Í bréfinu var m.a. leitað eftir upplýsingum um sjaldgæfa varpfugla, vetrargesti og flækinga. Athuganir bárust einnig frá aðilum, sem ekki var sent bréfið, þannig að alls bárust athuganir frá eitt hundrað og sex einstaklingum.

## Mat á gögnum

Eins og tekið var fram í dreifibréfinu, átti að leggja dóm á athuganir og eru því einungis birtar þær, sem nefndarmenn samþykktu. Gögn voru dæmd með því móti, að hver og einn yfirfór athuganir í einrúmi og lagði mat á gildi þeirra. Ef tveir eða fleiri nefndarmenn töldu  athugun ekki fullnægja settum kröfum,

var henni hafnað. Að sjálfsögðu eru gerðar meiri kröfur til athugenda ef um sjaldgæfar eða torgreindar tegundir er að ræða. Í slíkum tilvikum er oft nauðsynlegt að ná fuglinum eða leggja fram ítarlega lýsingu á honum og atvikum, jafnvel ljósmynd. Ef athugun er hafnað verður viðkomandi gerð grein fyrir afstöðu nefndarinnar bréflega og jafnframt birtur rökstuðningur fyrir ákvörðuninni.

Svartþrestir og gráþrestir

Þessar tegundir eru algengir haust- og vetrargestir og var því við búið að margar athuganir bærust á þessum tegundum. Ekki er fullráðið hvernig unnið verður úr þeim gögnum. Hugmyndir eru uppi um að steypa saman athugunum frá hausti til vors í stað þess að taka hvert ár fyrir sig og verður gögnum frá 1979 væntanlega gerð skil í næstu skýrslu.

Skýrslugerð

Skýrslugerð mæddi að mestu á tveimur nefndarmönnum, þeim Gunnlaugi Péturssyni og Kristni Hauki Skarphéðinssyni. Náttúrufræðistofnun lagði til starfsaðstöðu, sá um vélritun og fjölritun.

## H E L S T U   A N N M A R K A R

Oft skorti nokkuð á að fuglaskrárspjöldin (fylgiskjal II) væru sómasamlega útfyllt. Mikilvægt er að hafa upplýsingarnar sem ítarlegastar, geta nákvæmlega staðar, athugunardaga, fjölda, aldurs og kyns ef slíkt er greinanlegt. Athugendur mættu gera meira af því að lýsa fuglum og renna þannig traustari stoðum undir greiningu, t.d. taka fram á hvaða útlitseinkennum viðkomandi tegund var greind, einkum ef hún er sjaldgæf eða torgreind. Þá voru sumir athugendur viðbragðsseinir og varð að ganga mjög á eftir þeim svo þeir skiluðu inn gögnum. Þessi atriði þarf að lagfæra.

---

S K I L   F Y R I R   1 9 8 0

Menn eru eindregið hvattir til að skila gögnum frá 1980 fyrir 15.febrúar 1981. Eldri gögn eru sem fyrr vel þegin og ef einhverjir telja sig hafa viðbótarupplýsingar eða leiðréttingar frá 1979, ættu þeir að senda þær samtímis gögnum frá 1980, svo þær komist í næstu skýrslu. Sendist til:

Sjaldgæfir fuglar,
Náttúrufræðistofnun Íslands
Pósthólf 5320,
125 Reykjavík.

---

# S J A L D G Æ F I R   F U G L A R   Á   Í S L A N D I   1 9 7 9

Stutt yfirlit

Í skránni hér á eftir er getið 81 tegundar. Þrettán þeirra eru sjaldgæfir eða óreglulegir varpfuglar: skutulönd, keldusvín, bleshæna, vepja, hringdúfa, tyrkjadúfa, snæugla, landsvala, bæjasvala, fjallafinka og gráspör. Sumar framangreindra tegunda eru reyndar fyrst og fremst flækingar. Gráspörinn var sú eina þeirra, sem varp með vissu á Íslandi 1979, en hafa verður í huga að varpstöðvar keldusvíns eru illa kannaðar. Sjö eru misjafnlega algengir vetrargestir: sefgoði, gráhegri, hvinönd, æðarkóngur, fjöruspói, lappajaðrakan og ísmáfur. Þrjár eru fremur sjaldséðir fargestir: ískjói, fjallkjói og sportittlingur. Hinar tegundirnar

eru flestar flækingsfuglar og fjórar þeirra, allt vaðfuglar, hafa ekki sést áður á Íslandi svo vitað sé: gulllóa, efjutíta, freyshani og stepputrítill. Sú síðasttalda er e.t.v. sú óvæntasta, verpir ekki nær en á gresjum SA-Evrópu og er sjaldgæfur flækingur í N-Evrópu. Loks er getið þriggja erlendra deilitegunda íslenskra varpfugla: amerískrar urtandar, grænlandsfálka og maríuerlu ("bretaerlu"). Athygli vekur að gráskrofa *Puffinus griseus* og hettuskrofa *P. gravis* sáust ekki hér við land árið 1979, svo fært yrði í annála, en líklegt er að þessar suðurhafstegundir séu árvissar í íslenskum fiskileitum.

Þrátt fyrir að þetta sé fyrsta samantekt um sjaldgæfa fugla á Íslandi síðan 1943 og því erfitt um samanburð við fyrri tíma, er að sjá sem 1979 sé eitt mesta flækingaár frá því að menn tóku að veita þess háttar fuglum athygli. Haustið er að venju drýgsti tíminn, einkum október. Flestir flækinganna eru hraktir og vegvilltir spörfuglar frá N-Evrópu á leið til vetrarheimkynna sunnar í álfunni eða Afríku. Mikið af þeim kom í fyrstu og síðustu viku október. Má þar nefna tegundir eins og laufsöngvara, gransöngvara, hettusöngvara, fjallafinku og bókfinku, en bókfinkur sáust fram í maí 1980. Tveir amerískir spörfuglar sáust um haustið: rákaskríkja og hörputittlingur. Þeir hafa þurft að leggja að baki a.m.k. 2500-3000 km yfir opið haf til þess að komast hingað. Verður það að teljast vel af sér vikið hjá rákaskríkju, sem er minni en þúfutittlingur, en er engu að síður talin geta flogið viðstöðulaust frá austurströnd N-Ameríku til S-Ameríku, 4000 km leið.

Skýringar.

Þeir sem nefndir eru á eftir hverri athugun eru yfirleitt finnendur, en hinna er látið ógetið, sem komu síðar til sögunnar. Ef ekki er annað tekið fram, er aðeins um einn fugl að ræða í hverju tilviki. Fjöldi ⊕ merkir fjölda einstaklinga, sem var safnað. Sýslum er raðað í stafrófsröð, en athuganir innan hverrar sýslu eru yfirleitt í tímaröð. Bergtittlingur er nýnefni, og er hér notað um fjalltittling og strandtittling. Rákaskríkja er og nýnefni.

Athugendur.

Hér á eftir er skrá yfir alla þá, sem sendu inn athuganir fyrir 1979. Ef menn koma fyrir oftar en fjórum sinnum, er nafn þeirra skammstafað, sbr. meðfylgjandi skrá.

| | | | |
|---|---|---|---|
| AK | Anna Kjartansdóttir | IS | Ingi Sigurjónsson |
| ÁE | Árni Einarsson | IG | Ingólfur Guðnason |
| AG | Arnþór Garðarsson | JÓH | Jóhann Óli Hilmarsson |
| BA | Björn Arnarson | JBH | Jón Baldur Hlíðberg |
| EHE | Einar H. Einarsson | KHS | Kristinn H. Skarphéðinsson |
| EÞ | Einar Þorleifsson | MM | Magnús Magnússon |
| EP | Elínborg Pálsdóttir | ÓKN | Ólafur Karl Nielsen |
| EÓ | Erling Ólafsson | PL | Páll Leifsson |
| FJ | Friðrik Jónsson | SK | Sigbjörn Kjartansson |
| GP | Gunnlaugur Pétursson | SS | Sigurgeir Sigurðsson |
| GÞ | Gunnlaugur Þráinsson | SÞ | Skarphéðinn Þórisson |
| HB | Hálfdán Björnsson | ÆP | Ævar Petersen |

Agnar Ingólfsson
Ari Albertsson
Arnar Bjarnason
Árni Waag Hjálmarsson
Auðunn Haraldsson
Bjarni Áskelsson
Björn Björnsson
Björn Friðriksson
Björn Guðbrandsson
Bragi Guðmundsson
David Hunt
Elín Helgadóttir
Friðrik Jesson
Gísli Már Gíslason
Gísli Óskarsson
Grétar Eiríksson
Guðbrandur Magnússon
Guðjón Sæmundsson
Guðmundur Guðjónsson
Guðmundur Sigurjónsson
Guðrún Hálfdánardóttir
Halldór J. Sigurðsson
Helga Pálsdóttir
Hjálmar R. Bárðarson
Hjörleifur Einarsson
Ingibjörg Friðgeirsdóttir
Ingimar Sveinsson
Ingimundur Ingimundarson
Ingólfur Sveinsson
Janus Paludan
Jóhann Þorsteinsson
Jón Hallur Jóhannsson
Jón Baldur Sigurðsson
Jón Sigurjónsson
Jón Sveinbjörnsson
Jón Þórðarson
Jóna Guðrún Jónsdóttir
Jónas G. Jónsson
Kolbrún Sigurbjarnardóttir
Kristín Tryggvadóttir
Kristine Þorsteinsson
Kristinn M. Óskarsson
Kristinn Pálsson
Kristján Hjartarson
Lúðvík Gissurarson
Lúther Kristjánsson
Magnús Benediktsson
Marc A. Brazil
Oddur Jónsson
Ólafur Aðalsteinsson
Ólafur Einarsson
Ólafur Friðriksson
Ólafur Þ. Gunnarsson
Ólafur Ingólfsson
Ólafur Þ. Þorsteinsson
Sigrún Markúsdóttir
Sigurður Björnsson
Sigurður Blöndal
Sigurður Gunnarsson
Sigurður Helgason
Sigurður Ægisson
Sigurgeir Sigurgeirsson
Snorri Pétursson
Steingrímur Þorsteinsson
Sveinn Þórarinsson
Sverrir Thorstensen
Sverrir Vilhjálmsson
Trausti Magnússon
Trausti Tryggvason
Tryggvi Stefánsson
Valdimar Gíslason
Valgeir Sigurðsson
Vigfús Jónsson
Viktor Sigurjónsson
Þórarinn Haraldsson
Þórður Reykdal
Þórir Gunnarsson
Þorkell Þorkelsson
Þorsteinn Einarsson
Þorsteinn Ingólfsson
Þorvaldur Þór Björnsson
Örn Óskarsson

# T E G U N D A S K R Á

Sefgoði *Podiceps grisegena*

(A-Evrópa, Síbería og nyrsti hluti N-Ameríku). Sjaldgæfur vetrargestur við SV-land.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Kalmanstjörn sunnan Hafna, þrír 10.mars (AG, GP, KHS, ÓKN ofl.), a.m.k. einn 26.desember (ÆP).
Sandgerði, ungf. 27.desember ⊕ (EÓ, KHS, SÞ), (reyndist vera ameríska og na-síberíska deilitegundin *P.g.holboellii*).

Gráhegri *Ardea cinerea*

(Evrópa, Asía og sunnanverð Afríka). Vetrargestur.

Árnessýsla:
Opnur í Ölfusforum og nágr., ungf. 15.janúar, slóðir 21.janúar (IG), einn fundinn dauður 1.febrúar (merktur Stavanger 226617), (Bjarni Áskelsson), tveir og hræ af einum 10.febrúar (AG, KHS, ÓKN), fjórir ungf. 16.apríl (IG).
Álftavatn, ungf. 31.desember (Örn Óskarsson).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hafnarfjörður, 29.janúar (Sigurgeir Sigurgeirsson). ungf. um 10.desember til 29.desember (skv. JÓH ofl.).
Garðabær, 18.-20.febrúar (Kristín Tryggvadóttir).
Kollafjörður, fjórir 11.október (Guðmundur Sigurjónsson).
Álftanes, 19.október (Bragi Guðmundsson).

Reykjavík:
Elliðavogur, 27.október (EÞ), tveir 2.-7.nóvember (EÓ, SÞ ofl.).

S-Múlasýsla:
Djúpivogur, fundinn dauður 18.febrúar (Ingimar Sveinsson).

A-Skaftafellssýsla:
Hraunkot í Lóni, tveir í janúar ⊕⊕ (FJ).
Skeiðará, einn í október og desember (Jóhann Þorsteinsson).

V-Skaftafellssýsla:
Deildará í Mýrdal, einn 20.desember (EHE).

Skagafjarðarsýsla:
Áshildarholtsvatn, desember 1978 til a.m.k. 5.janúar (Ingjaldur Sveinsson), tveir 10.nóvember til desember (Jón Hallur Jóhannsson).

Snæfellsnessýsla:
Stykkishólmur, tveir 19.janúar til 26.febrúar (Trausti Tryggvason), einn 28.september til 15. febrúar 1980 (Trausti Tryggvason).

Snjógæs *Anser caerulescens*

(N-Ameríka). Slæðist árlega til Evrópu. Snjógæsir hafa verið fluttar til Evrópu og lifa sums staðar hálfvilltar. Sjást hér öðru hvoru.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hvalsnes, Miðneshr., ungf. um 20.september til 28. október (skv. EÓ, GP, JÓH ofl.). Ljósa litarafbrigðið.

Snæfellsnessýsla:
Kolviðarnes, Eyjahr., vor og haust 1979 (Þorkell Þorkelsson). Dökka litarafbrigðið, "blágæs".

Brandönd *Tadorna tadorna*

(NV-, S- og SA-Evrópa, SA-og M-Asía). Allalgeng, einkum að vetrarlagi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Fitjar, Miðneshr., 16.-17.apríl (GP, IG, JÓH, ÓKN, SÞ ofl.).
Álftanes, 26.desember (Guðmundur Guðjónsson).
Hafnarfjörður, e.t.v. sá sami og á Álftanesi, líkl. ungur karlf., 26.-29.desember (JÓH ofl.)

Brúnönd *Anas rubripes*

(Norðausturhluti N-Ameríku). Sjaldgæf í Evrópu. Stöku fuglar hafa sést á Íslandi á síðustu árum.

Reykjavík:
Elliðavogur, karlf. 26.mars ⊕ (KHS ofl.).

Bláönd *Anas discors*

(N-Ameríka). Mjög sjaldgæf á Íslandi, en árviss í V-Evrópu.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Álftanes, karlf. 13.-26.maí (Grétar Eiríksson, Jón Baldur Sigurðsson ofl.).

Taumönd *Anas querquedula*

(Evrópa og Asía). Sjaldgæfur flækingur.

Eyjafjarðarsýsla:
Akureyri, karlf. 5.maí (Sverrir Vilhjálmsson).

Urtönd *Anas crecca carolinensis* (Ameríska deilitegundin)

(N-Ameríka). Steggir amerísku deilitegundarinnar hafa reynst árvissir að undanförnu. Algeng í Evrópu.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Álftanes, karlf. 4.nóvember (GP, GÞ, KHS).

Reykjavík:
Elliðavogur, karlf.11.nóvember 1978 til 12.apríl 1979 (GP, IG, KHS, ofl.).

N-Múlasýsla:
Hlaðir, Fellahr., paraður karlf. 15.maí (PL, SÞ).

A-Skaftafellssýsla:
Syðri-Fjörður í Lóni, paraður karlf. 19.maí (Janus Paludan, KHS).
Hvalnes í Lóni, karlf. 20.maí (AG, Marc A. Brazil).

V-Skaftafellssýsla:
Flaga, Skaftártungu, karlf. 18.maí (AG, KHS).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, karlf. 14.apríl ⊕ (Viktor Sigurjónsson). Merktur sem ungi "Fish and Wildlife Service" 544-86731 16.08.1970, u.þ.b. 7 mílur austur af Murray Harbour, Prince Edward eyju, A-Kanada, (46.00N, 62.30V).

S-Þingeyjarsýsla:
Mývatn, karlf. 18.júní (ÁE).

Ljóshöfði *Anas americana*

(N-Ameríka). Karlfuglar, oft paraðir rauðhöfðakollum, eru árvissir hér á landi. Allalgeng í Evrópu. Sjá Náttúrufr. 38. árg. (1968), bls.165-175.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Brunnastaðir, Vatnsleysustr., fullo. karlf. paraður 16.-17.apríl (GP, IG, JÓH, ÓKN, SÞ ofl.).
Álftanes, fullo. karlf. 11.júní (AG).

Rangárvallasýsla:
Skúmsstaðir í Landeyjum, paraður fullo. karlf. 18.maí (AG, KHS).

S-Þingeyjarsýsla:
Mývatn, tveir fullo. karlf. 12.-22.júní (ÁE, AG).

Skutulönd *Aythya ferina*

(Miðbik Evrópu og Asíu). Árviss og hefur orpið nokkrum sinnum.

Eyjafjarðarsýsla:
Dalvík, karlf. desember 1978 til mars 1979 (Steingrímur Þorsteinsson).

Reykjavík:
Tjörnin, karlf. 28.júní til 17.júlí (ÓKN ofl.) og 4.-9.september (GÞ).

Gullbringu-og Kjósarsýsla:
Seltjarnarnes, karlf. 12.júlí (GP), líklega sá sami og á Tjörninni.

Hringönd *Aythya collaris*

(N-Ameríka). Sjaldgæfur flækingur, en hefur sést hér í auknum mæli á síðustu árum. Að undanförnu hefur þessi tegund reynst vera algengasta ameríska öndin í V-Evrópu.

S-Þingeyjarsýsla:
Mývatn, karlf. 17.-21.júní (ÁE, AG).

Hvinönd *Bucephala clangula*

(N-Evrópa, N-Asía og N-Ameríka). Vetrargestur, einkum á SV-landi, Mývatni og Laxá. Sést hér einnig á sumrin. Sjá Náttúrufræðinginn 37.árg (1967), bls. 76-97.

Árnessýsla:
Laugarvatn, fullo. karlf. og kvenf./ungf. 25.janúar (KHS, ÓKN, Örn Óskarsson).
Hlíðarvatn í Selvogi, fullo. karlf. 25.febrúar (AG).
Sogið. tíu fullo. karlf., tveir fullo. kvenf. og sex kvenf. 13.mars (ÁE, KHS), átta fullo. karlf.,tveir ungir karlf. og sex kvenf. 26.desember (AG).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Grindavík, fullo. karlf. 24.október (GP, KHS, ÓKN).

N-Þingeyjarsýsla:
Lón í Kelduhverfi, fullo. karlf. 20.janúar (ÓKN, SÞ).

S-Þingeyjarsýsla:
Mývatn og Laxá, tveir fullo.karlf. á austurhluta Mývatns 16.janúar og tveir fullo. karlf. á Laxá 19.janúar (ÓKN,SÞ), fjórir fullo. og einn ungur karlf. á austurhluta Mývatns 11.maí og tveir fullo. karlf. á Laxá 12.maí; fjórtán karlf. (þar af þrír ársgamlir) og par á Mývatni og efst á Laxá 12.-14.júní (ÁE, AG).
Laxárósar, par 26.desember (Jónas G. Jónsson, Sigurður Gunnarsson).

Húsönd/Hvinönd *Bucephala sp.*

Undir þennan flokk falla fuglar, sem ekki hefur tekist að greina með vissu til tegurdar.

Árnessýsla:
Baugsstaðir í Flóa, kvenf./ungf. 26.desember (KHS).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Álftanes, kvenf. 12.september til 2. október. (JÓH, ÓKN ofl.).
Grindavík, ungf. 7.október (KHS, ÓKN).
Hafnarfjörður, kvenf. 28.janúar (KHS, SK).
Fuglavík, Miðneshr., ungf. 28. október (GÞ, ÓKN).
Sandgerði, kvenf. 29.október (EÓ, GP, KHS).
Hafnir og Ósabotnar, ungur karlf. og ungur kvenf.
9.desember. (GP, JÓH, KHS, ÓKN), einn 26.desember (EÓ).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

(Nyrstu héruð N-Ameríku og Síberíu, Grænland). Vetrargestur. Karlfuglar paraðir æðarkollum sjást hér á hverju ári í æðarvörpum.

Eyjafjarðarsýsla:
Akureyri, fullo. karlf. 10.maí (ÁE, AG, MM).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hafnarfjörður, fullo. karlf. 1.apríl (GP, KHS, ÓKN, SÞ).
Ytri-Njarðvík, fullo. karlf. 1.apríl (GP, KHS, ÓKN, SÞ).
Brynjudalsvogur í Hvalfirði, fullo. karlf. 27.maí (GP).

V-Ísafjarðarsýsla:
Önundarfjörður, fullo.karlf. 17.-21.maí (ÓKN).
Arnarfjörður, fullo, karlf. 3.ágúst (ÓKN).
Dýrafjörður, fullo. karlf. 3.ágúst (ÓKN).
Mýrar í Dýrafirði, tveir fullo. karlf. í æðarvarpi
sumarið 1979. (Valdimar Gíslason).

N-Ísafjarðarsýsla:
Reykjarfjörður við Djúp, fullo. karlf. 25.maí (AG,ÓKN).

S-Múlasýsla:
Við Þvottárskriður, kvenf. 1.ágúst (GP, KHS, SÞ).

A-Skaftafellssýsla:
Við Hvalnesskriður, fullo. karlf. 27.júní (AG).
Hornafjarðarós, karlf. 28.júní (AG).
Stokksnes, fullo. karlf. (GP, KHS, SÞ), og kvenf. 1.
ágúst (SÞ).

Vestmannaeyjar:
Surtsey, fullo. karlf. 6.júlí (Ólafur Ingólfsson).

Kynblendingur æðarfugls og æðarkóngs. *S. somateria x S. spectabilis*

Einungis er hægt að greina karlfugla.

V-Ísafjarðarsýsla:
Mýrar í Dýrafirði, karlf. í æðarvarpi sumarið 1979
(Valdimar Gíslason).

Korpönd *Melanitta fusca*

(N-Evrópa, N-Asía, Kákasus og NV-Ameríka). Sjaldgæfur flækingur.

A-Skaftafellssýsla:
Hvalnesskriður, karlf. 21.júlí (AK, SK).

Kráköng *Melanitta perspicillata*

(N-Ameríka). Árviss í Evrópu, en sjaldgæf hér á landi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hvalfjörður, fullo. karlf. 1.júní (AG, GP, KHS, MM ofl.).
Grindavík, ungf. 21.október ⊕ (JÓH, JBH, PL).

A-Skaftafellssýsla:
Hvalnesskriður, fullo. karlf. 27.júní (AG) og tveir karlf. 21.júlí (AK, SK).

Hvítönd *Mergus albellus*

(Nyrst í Evrópu og N-Asíu). Örfáir fuglar hafa sést á undanförnum árum. Sjá Náttúrufræðinginn 46.árg.(1976), bls. 27-36.

S-Þingeyjarsýsla:
Mývatn, Garðsvogur, kvenf. 16.janúar (ÓKN, SÞ).

Heiðir *Circus sp.*

(Heiðar verpa m.a. í Evrópu og N-Ameríku). Mjög erfitt er að greina kvenfugla og ungfugla til tegundar.

A-Skaftafellssýsla:
Reynivellir í Suðursveit og nágr., kvenf/ungf. 10. október 1979 til 21.marz 1980 (BA).
Kvísker í Öræfum, kvenf./ungf. 21.nóvember (HB). Líklega sá sami og á Reynivöllum. Talinn vera bláheiðir *Circus cyaneus* af athugunarmönnum.

Gjóður *Pandion haliaetus*

(N-Evrópa, N-Asía, N-Ameríka og auk þess slitrótt víðar um heim). Fremur sjaldgæfur flækingur.

V-Barðastrandarsýsla:
Vatnsfjörður, 15.júlí (KHS, ÆP).

Grænlandsfálki *Falco rusticolus candicans*

(Grænland, N-Ameríka). Sést hér annað slagið.

Reykjavík:
Elliðavogur, ungf. 7.febrúar (KHS).

Keldusvín *Rallus aquaticus*

(Evrópa og Asía). Sjaldgæfur varpfugl, en fjöldi og útbreiðsla illa þekkt.

Reykjavík:
Vatnsmýri, spor sáust 23.desember 1978, fundið dautt 4.janúar (ÓKN).

A-Skaftafellssýsla:
Höfn í Hornafirði, fundið dautt í október (Guðrún Hálfdánardóttir).
Kvísker í Öræfum 30.október til 26.desember (HB ofl.).
Smyrlabjörg í Suðursveit, fundið dautt 10. nóvember (BA).
Stafafellsvötn í Lóni, nóvember/desember (FJ).
Hraunkot í Lóni, desember (FJ).
Lónsheiði, desember (FJ).

Skagafjarðarsýsla:
Áshildarholtsvatn, 10.nóvember, fundið dautt sama dag. (Jón Hallur Jóhannsson).

Dílarella *Porzana porzana*

(Evrópa og vestanverð Asía). Mjög sjaldgæfur flækingur.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Fuglavík, Miðneshr., 30.september ⊕ (GÞ, KHS, ÓKN).

Sefhæna *Gallinula chloropus*

(Evrópa, Asía og Ameríka). Stöku fuglar sjást hér öðru hvoru.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hafnarfjörður, nóvember 1979 til 21.apríl 1980 (skv. Þórði Reykdal ofl.).

Bleshæna *Fulica atra*

(Evrópa, Asía og Ástralía). Árviss og hefur orpið hér á landi.

Eyjafjarðarsýsla:
Akureyri, 11.eða 12.júní. (Þorsteinn Ingólfsson).

Reykjavík:
Tjörnin, 14.desember 1978 til 14.apríl 1979 (ÓKN ofl.)
Elliðavogur, 9.-14.desember (EÞ ofl.).

S-Þingeyjarsýsla:
Mývatn, Grímsstaðir, 21. júní (AG).

Vepja *Vanellus vanellus*

(Evrópa og N-Asía). Árviss og kemur hingað stundum í hópum. Hefur orpið hér. Sjá Náttúrufræðinginn 37.árg. (1967), bls. 170-178.

Árnessýsla:
Eyrarbakki, tvær 26.desember (KHS).

Eyjafjarðarsýsla:
Dalvík, í mars (Skv. Steingrími Þorsteinssyni).
Ólafsfjörður, ein fannst dauð í marz (Skv. Steingrími Þorsteinssyni).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Leiruvogur í Mosfellssveit, 7.apríl (GP).
Fuglavík, Miðneshr., 28.október (GÞ, ÓKN), 9.desember (ÓKN).
Reykjanes. 25.nóvember (EÞ).
Stafnes, Miðneshr., 9.desember (KHS).

N-Múlasýsla:
Seyðisfjörður, 26.desember (Guðjón Sæmundsson, Valgeir Sigurðsson).

S-Múlasýsla:
Eskifjörður, 16.desember (PL).

Reykjavík:
Eiðisgrandi, 26.desember (Agnar Ingólfsson).

A-Skaftafellssýsla:
Hof í Öræfum, í nóvember (Oddur Jónsson).

V-Skaftafellssýsla:
Hemra, Skaftártungu, 1.júní (SK).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, 19.apríl, var í nokkra daga (SS).

Grálóa *Pluvialis squatarola*

(Nyrstu héruð Síberíu og N-Ameríku). Allalgeng að haust- og vetrarlagi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Rosmhvalanes, tvær 30.september til 14.október, ein til 9.desember (GP o.fl.).
Seltjarnarnes, 6.-10.október (ÓKN ofl.).

Gulllóa *Pluvialis dominica*

(N-Ameríka og NA-Asía). Hefur ekki sést á Íslandi áður. Árviss í Evrópu. Náskyld heiðlóu og líkist henni mjög í útliti.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Álftanes, 5.maí ⊕ (AG o.fl.).

Fjöruspói *Numenius arquata*

(Evrópa og Asía). Vetrargestur, einkum á SV-landi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Rosmhvalanes, einn 20.janúar (Árni Waag Hjálmarsson), þrír 1.apríl (GP, KHS, ÓKN, SÞ), einn 22.apríl (GP, KHS); aftur 2.september til 26.desember (ýmsir), flestir sautján 21.október.
Hafnarfjörður, fjórir 27.-28.janúar, þrír 7.febrúar (AG, KHS, ÓKN o.fl.), tveir 26.-27.desember (Sigurður Helgason o.fl.).
Grindavík, Staðarhverfi, 24.apríl (GP, KHS), 21.-24.október (JBH, JÓH, PL o.fl.), þrír 2.desember (EÓ, EÞ, GÞ, ÓKN, SÞ).
Grindavík, 7.október (ÓKN).
Garðabær, 8.maí (KHS).
Sandvík, Hafnahr., þrír 2.september (GP, JBH, KHS).
A-Skaftafellssýsla:
Höfn, tveir 11.febrúar, fimmtán 24.mars (AK).
Skarðsfjörður, 22 fuglar 4.september (AK, SK).

Lappajaðrakan *Limosa lapponica*

(Skandinavía,Síbería og Alaska). Árviss haust- og vetrargestur á SV-landi, en mun sjaldgæfari en fjöruspói.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hafnarfjörður, 27.-28.janúar (AG, KHS, ÓKN o.fl.).
Sandgerði, einn 8.-14.október (EÓ, GP, KHS, ÓKN,SÞ), átta 28.október (GÞ, ÓKN).

Hrísastelkur *Tringa flavipes*

(N-Ameríka). Sést árlega í V-Evrópu. Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Sandgerði, 7.október (EÓ, GP, JÓH).

Flóastelkur *Tringa glareola*

(N-Evrópa og N-Asía). Hefur sést hér öðru hvoru frá 1959. Líklega strjáll varpfugl við Mývatn. Sjá Náttúrufræðinginn 39. árg. (1969), bls. 10-16.

S-Þingeyjarsýsla:
Mývatn, Slý norðan Reykjahlíðar, tveir mánaðarmót júní/júlí til a.m.k. 8.júlí (David Hunt o.fl.).

Skógarsnípa *Scolopax rusticola*

(Evrópa og Asía). Árviss að haust- og vetrarlagi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Mógilsá í Kollafirði, í byrjun janúar (Ólafur Friðriksson), 11.nóvember (ÓKN).

Reykjavík:
Grafarlækur, 5.-8.desember (KHS o.fl.).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, þrjár 26.október, a.m.k. fimm 27. október og tvær 31.október (HB).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, 27.október ⊕ (IS).

N-Þingeyjarsýsla:
Krossdalur í Kelduhverfi, ein fundin hálfdauð 10.nóvember (Sveinn Þórarinsson).

Dvergsnípa *Lymnocryptes minimus*

(N-Evrópa og Asía). Nær árviss, einkum að vetrarlagi, en mun sjaldgæfari en skógarsnípa.

Reykjavík:
Vatnsmýrin, 4.janúar til 2.febrúar (ÓKN o.fl.).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, 3.desember 1979 til 1.febrúar 1980 ⊕ (HB).

Veimiltíta *Calidris minuta*

(Nyrsti hluti Evrópu og Asíu). Algeng um fartímann í Evrópu, en mjög sjaldgæf hér á landi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Garður, 8.október ⊕ (EÓ, GP, KHS, ÓKN, SÞ).

Vaðlatíta *Calidris fuscicollis*

(Kanada). Árviss í V-Evrópu. Hefur sést hér á hverju ári frá 1977.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hvalsnes, Miðneshr., 30.september (GÞ, KHS, ÓKN).
Fuglavík, Miðneshr., tvær 21.október ⊕⊕ (GP, ÓKN).

Rákatíta *Calidris melanotos*

(Kanada, Alaska og NA-Síbería). Algengasti ameríski vaðfuglinn í Evrópu. Sárasjaldgæf hér á landi.

A-Skaftafellssýsla:
Kvískerjafjara í Öræfum, 28.október ⊕ (HB).

Spóatíta *Calidris ferruginea*

(N-Síbería). Algeng um fartímann í Evrópu, en mjög sjaldgæf hér.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Garðskagi, tveir ungf. 8.október (EÓ, GP, KHS, ÓKN, SÞ).

Efjutíta *Limicola falcinellus*

(N-Evrópa og N-Asía). Fer um mið-Evrópu til vetrarstöðva í Afríku. Sjaldgæf í V-Evrópu, og hefur ekki sést áður hér á landi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Sandgerði, 25. ágúst ⊕ (GP, JBH, ÓKN).

Rúkragi *Philomachus pugnax*

(N-Evrópa og Asía). Líklega árviss vor og haust.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Sandgerði, tveir karlf. 24.maí (GP, KHS).

Reykjavík:
Myllutjörn við Elliðavatn, karlf. 24.maí (GP, KHS).

Freyshani *Phalaropus tricolor*

(Miðbik N-Ameríku). Árviss í Evrópu, en hefur ekki sést hér áður.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Garður, ungf. 16. september ⊕ (GP, GÞ, JBH, KHS).

Stepputrítill *Glareola nordmanni*

(SA-Evrópa og SV-Asía). Sjaldgæfur flækingur í NV-Evrópu, og hefur ekki áður sést á Íslandi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Garðskagi, ungf. 7.-8.október ⊕ (EÓ, GP, JÓH, KHS, ÓKN ofl.).

Ískjói *Stercorarius pomarinus*

(Íshafslönd N-Ameríku og Síberíu, einnig Grænland). Hluti stofnsins hefur vetursetu í mið-Atlantshafi og fer hér um að einhverju leyti vor og haust.

Breiðafjörður:
Við Bjarneyjar, fullo. 15. júní (EÓ).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Grindavík, Staður, 30-40 fuglar 13.maí (Grétar Eiríksson, Jón Baldur Sigurðsson o.fl.).

A-Skaftafellssýsla:
Flatey á Mýrum, sex fullo. 19.maí (Janus Paludan, KHS).

Fjallkjói *Stercorarius longicauda*

(Nyrsti hluti N-Ameríku, N-Evrópu og Síberíu, einnig Grænland). Fjallkjóar sjást hér nær árlega. Að öllum líkindum fer hluti stofnsins hér um vor og haust. Sést oftar inn til landsins en ískjói.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Seltjarnarnes, 13.júlí (JÓH).

Dvergmáfur *Larus minutus*

(Austanverð Evrópa og mið-Asía). Líklega árviss. Hefur sést hér á öllum tímum árs, en er einna algengastur á vorin.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Seltjarnarnes, ungfugl á fyrsta hausti 28. október (GP ofl.).

Ísmáfur *Pagophila eburnea*

(Nyrstu eyjar N-Ameríku og Asíu, Svalbarði og Grænland). Íshafsfugl, sem leitar lítið suður á bóginn á veturna. Slæðingur sést þó hér nær árlega, einkum við Norðurland.

Eyjafjarðarsýsla:
Ólafsfjörður, þrír 14.mars ⊕⊕⊕ (AA).

Rósamáfur *Rhodostethia rosea*

(NA-Síbería). Sést nær árlega við strendur V-Evrópu, allt suður fyrir Bretlandseyjar. Fremur sjaldséður hér við land.

Eyjafjarðarsýsla:
Skipalón, Glæsibæjarhr., fullo. 7.ágúst (Snorri Pétursson).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hafnarfjörður, ungf. 22.-29.apríl (GP, KHS ofl.).

Þernumáfur *Xema sabini*

(Grænland og íshafslönd N-Ameríku og Asíu). Sjaldséður hér, en allalgengur um fartímann að hausti í V-Evrópu, enda hefur hluti stofnsins vetursetu í mið-Atlantshafi.

Reykjavík:
Skúlagata og Tjörnin, fullo. 3.september til 19. október (GP o.fl.).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Seltjarnarnes, 6.september til 28.október (KHS o.fl.), sá sami og í Reykjavík.

Kolþerna *Chlidonias nigra*

(S- og M-Evrópa austur í M-Asíu, einnig miðbik N-Ameríku.) Allalgeng hér á landi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Sandgerði, 8.júlí (KHS).
Fitjar, Miðneshr., ungfugl 21.október ⊕ (GP, ÓKN).

Reykjavík:
Tjörnin, fullo. 15.-16.júlí (Þorvaldur Þór Björnsson o.fl.).

Ógreind *Chlidonias* tegund

S-Þingeyjarsýsla:
Mývatn, fullo. 8. september (AG,MM). Talin vera kolþerna af athugendum.

Hringdúfa *Columba palumbus*

(Evrópa, NV-Afríka og V-Asía). Árvissar að vor og sumarlagi. Hafa orpið hér öðru hvoru. Náttúrufr. 25.árg.(1965), bls. 9-13.

Rangárvallasýsla:
Tumastaðir í Fljótshlíð, tvær 9.júní (AK, KHS).

A-Skaftafellssýsla:
Höfn, 17. og 19.apríl (AK, SK).

V-Skaftafellssýsla:
Skammadalshóll í Mýrdal, 19.júní til hausts (EHE).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, 7.júní (SS).

Turtildúfa *Streptopelia turtur*

(Evrópa, nema Fennóskandia, og N-Afríka austur í M-Asíu). Árviss, einkum að sumar- og haustlagi.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Garður, ungf. 23.sept. (GP, GÞ, ÓKN, Sigurður Ægisson).
Grindavík, ungf. 7.október (ÓKN).

S-Múlasýsla:
Djúpivogur, um 13.júlí til 20.júlí (Ingimar Sveinsson).

A-Skaftafellssýsla:
Fagurhólsmýri í Öræfum, 6.-8.júní (Halldór J. Sigurðsson ofl.).
Kvísker í Öræfum, 7.-9.júní (HB).
Hof í Öræfum, miður júní (Arnar Bjarnason).
Reynivellir í Suðursveit, 13.október (BA).

V-Skaftafellssýsla:
Pétursey í Mýrdal, 29.júní ⊕ (Björn Friðriksson).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, tvær 5.júní (SS), ein flaug á vír og dó 25. júní ⊕ (Gísli Óskarsson).

Tyrkjadúfa *Streptopelia decaocto*

(Evrópa og N-Afríka til SA-Asíu). Tyrkjadúfur hafa verið í stöðugri útbreiðsluaukningu, einkum í norðvestur, síðustu mannsaldra. Hafa sést hér nokkrum sinnum og orpið a.m.k. einu sinni.

Reykjavík:
Vesturbær, tveir fuglar, annar frá apríl 1978 (skv. Sigrúnu Markúsdóttur) og hinn frá 16.júní 1978, en hann hafði sest á skip við Skotland og var sleppt í Vesturbænum. Sáust til 6.september 1979, en þá voru þeir skotnir af Hreinsunardeild Reykjavíkur.

Snæugla *Nyctea scandiaca*

(Nyrstu hlutar Evrópu, Asíu og N-Ameríku, N- og A-Grænland). Óreglulegur varpfugl á Íslandi og Skotlandi (Hjaltlandseyjar). Hreiður hafa ekki fundist hér á landi síðustu áratugi. Annars sjaldgæf, en þó líklega árviss.

S-Þingeyjarsýsla:
Öxará, Ljósavatnshr., kvenf./ungf. 24.maí (Sverrir Thorstensen).

Eyrugla *Asio otus*

(Miðbik N-Ameríku, Evrópa og N-Afríka til Asíu). Árviss haust- og vetrargestur, en misjafnlega algeng.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Mógilsá í Kollafirði, 28.janúar (GP, ÓKN).

N-Múlasýsla:
Eskifjörður, um 16.apríl (PL).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, 24.maí og 5.nóvember (HB).
Ingólfshöfði, ein fundin dauð 9.júní (HB, Hjálmar R. Bárðarson).
Reynivellir í Suðursveit, 19.desember ⊕, 27.desember (BA).

V-Skaftafellssýsla:
Skammadalshóll í Mýrdal. frá 1978 til apríl 1979, og a.m.k. ein 17.-20.desember 1979 (EHE).

N-Þingeyjarsýsla:
Daðastaðir, Presthólahr., ein fundin dauð 19.nóvember (Jóna Guðrún Jónsdóttir).

S-Þingeyjarsýsla:
Öxará, Ljósavatnshr., tvær maí til júní, önnur fannst dauð snemma í júní (Sverrir Thorstensen).

Múrsvölungur *Apus apus*

(Evrópa og NV-Afríka til M-Asíu). Árvissir að vor- og sumarlagi.

N-Múlasýsla:
Þorvaldsstaðir í Bakkafirði, 19.-28.maí, fannst þá dauður (Auðunn Haraldsson, Þórarinn Haraldsson).
Bakkagerði, Borgarfirði eystra, einn í lok maí ⊕ (Ólafur Aðalssteinsson).

S-Múlasýsla:
Eskifjörður, fjórir 24.maí, einn 25.maí (Helga Pálsdóttir o.fl.).

A-Skaftafellssýsla:
Hof í Öræfum, tveir 23.maí (HB).
Kvísker í Öræfum, 25.maí (HB).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, 27.júlí (SS).

Sönglævirki *Alauda arvensis*

(Evrópa, NV-Afríka og Asía). Fremur algengur flækingur hér á landi frá hausti fram á vor.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hafnir, 2.desember ⊕ (EÓ, EÞ, GÞ, ÓKN, SÞ).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, 29.október og 15.nóvember (HB).

Landsvala *Hirundo rustica*

(Evrópa, N-Afríka, Asía og N-Ameríka). Mjög algeng á vorin og hefur orpið hér alloft.

Árnessýsla:
Eyrarbakki, 9.júní (GP).
Laugarás í Biskupstungum,25.júní (Ólafur Einarsson).
Hveragerði, tvær 9.-12.október (IG), ein 30.október ⊕ (GP, ÓKN).

V-Barðastrandarsýsla:
Hvallátur, 2.júní (Gísli Már Gíslason, Jón Baldur Sigurðsson).
Bjargtangar og nágr., a.m.k. tvær 3.júní (AG, GP, KHS, MM, ÓKN o.fl.).

Reykjavík:
Tjörnin, 29.maí (JÓH).

A-Skaftafellssýsla:
Reynivellir í Suðursveit, þrjár 24.-28.maí (BA).
Kvísker í Öræfum tvær 26.maí,ein 6.og 9.júní, ein 12.-13. júní (HB).
Stafafell í Lóni (Raftagil), tvær 3.júní (SK).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, allmargir fuglar 6.júní (SS).

Bæjasvala *Delichon urbica*

(Evrópa, NV-Afríka og Asía). Algeng á vorin og hefur orpið hér.

V-Barðastrandarsýsla:
Bjargtangar, 3.júní (AG, GP).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Seltjarnarnes, 13.júní (Árni Waag Hjálmarsson).

A-Skaftafellssýsla:
Stafafell í Lóni (Raftagil), 3.júní (SK).
Kvísker í Öræfum, 5.júní (HB).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, 20-30 fuglar 4.-6.júní (SS).

Ógreindar svölur

A-Skaftafellssýsla:
Stafafell í Lóni (Raftagil), 3.júní (SK).

V-Skaftafellssýsla:
Vík í Mýrdal, tvær 4.júní (SK).

Straumerla *Motacilla cinerea*

(Evrópa, nema N- og NA-hluti álfunnar, NV-Afríka og slitrótt í Asíu). Mjög sjaldgæfur flækingur.

Gullbringu-og Kjósarsýsla:
Varmá í Mosfellssveit, 11.-13.nóvember ⊕ (GP, JÓH, KHS, ÓKN o.fl.).

Maríuerla *Motacilla alba yarrellii* (Breska deilitegundin).

(Bretlandseyjar og slitrótt víðar um V-Evrópu). Mjög sjaldgæfur flækingur hér.

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, 26.október ⊕ (HB).

Bergtittlingur *Anthus spinoletta*

Strandtittlingur og fjalltittlingur eru alþýðuheiti á mismunandi deilitegundahópum bergtittlings *Anthus spinoletta* (Strandtittlingur: Strendur N- og NV-Evrópu og nokkrar eyjar í A-Asíu). Fjalltittlingur: S-Evrópa, slitrótt í Asíu; N-Ameríka og V-Grænland). Strandtittlingur er sjaldgæfur flækingur og vesturheimska fjalltittlingsdeilitegundin *A.s. rubescens* mjög sjaldgæfur.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Garðskagi, 26.-27.desember ⊕ (Sigurður Blöndal o.fl). (Strandtittlingur).

Glóbrystingur *Erithacus rubecula*

(Evrópa, NV-Afríka og V-Asía). Sést hér nær árlega.

Eyjafjarðarsýsla:
Dalvík, tveir í nóvember ⊕ (Steingrímur Þorsteinsson).

N-Múlasýsla:
Þorvaldsstaðir í Bakkafirði, 28.desember 1979 til 5.janúar 1980. (Auðunn og Þórarinn Haraldssynir).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, 27.október til 1.nóvember (HB).
Höfn í Hornafirði, 18.nóvember (EP).

S-Þingeyjarsýsla:
Húsavík, 6.nóvember. (Sigurður Gunnarsson).

Húsaskotta *Phoenocurus ochruros*

(Evrópa, nema N- og NV-hluti álfunnar, NV-Afríka, M- og V-Asía). Sjaldgæfur flækingur.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Hafnir, kvenf./ungf. 23.-24.október ⊕ (KHS o.fl.).

A-Skaftafellssýsla:
Reynivellir í Suðursveit, kvenf./ungf. 23.október (BA).
Kvísker í Öræfum, kvenf./ungf. 27.október ⊕ (HB).

Garðaskotta *Phoenicurus phoenicurus*

(Evrópa, SV- og M-Asía). Allalgengur haustflækingur.

A-Skaftafellssýsla:
Reynivellir í Suðursveit, tveir kvenf. 23.október (BA).
Kvísker í Öræfum, kvenf. 27.október ⊕ (HB).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, karlf. 29.október ⊕ (SS).

Vallskvetta *Saxicola rubetra*

(Evrópa og V-Asía). Fremur algengur haustflækingur.

Gullbringu og Kjósarsýsla:
Grindavík, 7.október ⊕ (KHS, ÓKN).

Mánaþröstur *Turdus torquatus*

(Skandinavía, Bretlandseyjar, slitrótt í M- og S-Evrópu og SV-Asíu). Sjaldgæfur flækingur.

A-Skaftafellssýsla:
Reynivellir í Suðursveit, 8.nóvember (BA).

Söngþröstur *Turdus philomelos*

(Evrópa, V- og M-Asía). Árviss að haust- og vetrarlagi.

Eyjafjarðarsýsla:
Ólafsfjörður, 6.október ⊕ (Ari Albertsson).

Reykjavík:
Vesturbær, 18.-21.desember (GÞ). Sást aftur í mars 1980.

A-Skaftafellssýsla:
Höfn í Hornafirði, 31.október til 2.nóvember (EP).
Kvísker í Öræfum, 26.-27.október ⊕ 15.-16.nóvember (HB).

Garðsöngvari *Sylvia borin*

(Evrópa og MV-Asía). Árviss haustflækingur.

Eyjafjarðarsýsla:
Ólafsfjörður, 5.nóvember ⊕ (Ari Albertsson).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Njarðvík, Seltjörn, 5.október (GP, KHS, ÓKN).
Grindavík, Þorbjörn, 5.október (GP, KHS, ÓKN).
Grindavík, Staður, 5.október (GP, KHS, ÓKN).
Vatnsleysustr., Hái-Bjalli, 7.október ⊕(ÓKN).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, tveir 3.október og einn 25.október ⊕ (HB).
Reynivellir í Suðursveit, 29.október (BA).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, 17.september ⊕ (IS, SS).

Hettusöngvari *Sylvia atricapilla*

(Evrópa, NV-Afríka og V-Asía). Algengur haustflækingur.

Árnessýsla:
Hveragerði, kvenf. 30.október (GP, KHS, ÓKN).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Njarðvík, Seltjörn, karlf. 5.október, tveir kvenf. 24. október 1 ⊕ (GP, KHS, ÓKN).
Vatnsleysustr., Hái-Bjalli, kvenf. 5.október (GP, KHS, ÓKN).
Hafnir, kvenf. 23.-24.október (KHS o.fl.).

N-Múlasýsla:
Dalir II, Hjaltastaðaþinghá, karlf. 12.desember (PL).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, tveir 3. og 24.október, annar til 27. október, einn 5.nóvember, kvenf. og tveir karlf. 15. nóvember, kvenf. fundinn dauður 18.nóvember og annar kvenf. 21.nóvember, einn fundinn sjórekinn 13.desember (líklega rekið um 15.október) (HB).
Reynivellir í Suðursveit, sex 23.október, par 15. nóvember 1 ⊕, kvenf. 23.-24.nóvember ⊕, einn 1.desember (BA).
Höfn í Hornafirði, kvenf. 25.október (EP).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, kvenf. 15.október (SS).

Netlusöngvari *Sylvia curruca*

(Evrópa til M-Asíu). Allalgengur flækingur.

A-Skaftafellssýsla:
Fagurhólsmýri í Öræfum, 4.október (HB).
Kvísker í Öræfum, 24.október ⊕ og 30.október (HB).

Laufsöngvari *Phylloscopus trochilus*

(M- og N-Evrópa og norðanverð Asía). Algengur haustflækingur. Sjá Náttúrufr. 49.árg. (1979), bls. 163-174.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Reykjanesviti, 30.september ⊕ (EÓ, GP, SK).
Grindavík, Þorbjörn, 5.október ⊕ (GP,KHS, ÓKN).
Stafnes, Miðneshr., 28.október ⊕ (GÞ, ÓKN).
Flankastaðir, Miðneshr., 28.október ⊕ (GÞ, ÓKN).

A-Skaftafellssýsla:
Fagurhólsmýri í Öræfum, a.m.k. þrír 5.október (HB).

Gransöngvari *Phylloscopus collybita*

(Evrópa og Asía). Mjög algengur haustflækingur.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Njarðvík, Seltjörn, 19.október ⊕ (GP, ÓKN).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, fjórir 26.október 3⊕, fjórir 27. október 3⊕, (HB).
Reynivellir í Suðursveit, 29.nóvember ⊕ (BA).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, 24.október ⊕ (IS).

Ógreindir *Phylloscopus* söngvarar

Undir þennan flokk falla fuglar, sem ekki tókst að greina til tegundar með vissu. Innan gæsalappa eru þær tegundir, sem athugendur töldu fuglana vera.

Árnessýsla:
Hveragerði, einn með eitt áberandi vængbelti 29.október (IG), ("norðsöngvari" eða "brumsöngvari").

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Vatnsleysustr., Hái-Bjalli, 19. október (ÓKN) ("laufsöngvari").

Reykjavík:
Vesturbær, 29.október (ÓKN), ("laufsöngvari").

A-Skaftafellssýsla:
Reynivellir í Suðursveit, einn 8.-20.september, a.m.k. fimm 23.-28.október, einn 23.nóvember (BA) ("gransöngvari").
Kvísker í Öræfum, 3.október og 21.nóvember (HB).

Vestmannaeyjar:
Heimaey, tveir 13.-27.október (SS).

Hnoðrasöngvari *Phylloscopus inornatus*

(N- og M-Asía). Fremur sjaldgæfur flækingur.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Garður, 28.október ⊕ (GÞ, ÓKN).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, 27.október ⊕ (HB).

Glókollur *Regulus regulus*

(Evrópa og slitrótt í Asíu). Allalgengur flækingur.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Grindavík, Þorbjörn, þrír 14.október ⊕⊕ (GÞ, Sigurður Ægisson, ÆP).

Peðgrípur *Ficedula parva*

(M- og A-Evrópa, SV-Asía og M-Asía til Kyrrahafs). Sjaldgæfur flækingur.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Njarðvík, Seltjörn, ungf. 7.október ⊕ (KHS, ÓKN).

Sportittlingur *Calcarius lapponicus*

(Skandinavía, íshafslönd Asíu og Ameríku, V- og SA-Grænland). Óreglulegur fargestur hér á landi á leið sinni milli Grænlands og Evrópu.

Gullbringu og Kjósarsýsla:
Sandgerði, karlf. 30.september ⊕ (GÞ, KHS, ÓKN).
Stafnes, Miðneshr., kvenf./ungf. 30.september (GÞ, KHS, ÓKN).
Reykjanes, tveir eða þrír 7.október (KHS, ÓKN).
Garðskagi, a.m.k. þrír 8.október (EÓ, GP, KHS, ÓKN).

Hörputittlingur *Zonotrichia albicollis*

(N-Ameríka). Mjög sjaldgæfur flækingur hér á landi sem og annars staðar í Evrópu.

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, karlf. 5.nóvember ⊕ (HB).

Rákaskríkja *Dendroica striata*

(N-Ameríka). Sjaldgæfur flækingur í Evrópu, þar á meðal hér á landi.

Vestmannaeyjar:
Heimaey, 23.október ⊕ (IS).

Bókfinka *Fringilla coelebs*

(Evrópa, N-Afríka og V-Asía). Algengur flækingur, en hefur ekki sést í jafn miklum mæli og haustið 1979.

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Vatnsleysustr., Hái-Bjalli, kvenf. 24.október (GP, KHS, ÓKN).
Hafnir, karlf. 24.október ⊕ (GP, KHS, ÓKN).
Hvalsnes, Miðneshr., 27.-28.október (skv. GÞ, ÓKN)
Stafnes, Miðneshr., kvenf. 28.október (EÓ, GÞ, JBH, KHS, ÓKN), annar kvenf. sama dag (GÞ, ÓKN).
Vogar, a.m.k. einn kvenf. 28.október (GÞ, JBH, KHS, ÓKN).
Reykjanesviti, þrír 28.október (EÓ, JBH, KHS).
Sandgerði, fjórir (þar af a.m.k. tveir kvenf.) 28.október ⊕⊕ (GÞ, ÓKN), sjö (þar af a.m.k. einn karlf) 29.október (EÓ, GP), einn karlf. og þrír kvenf. 18. og 27. desember (KHS o.fl.). Sáust fram í apríl 1980.
Hafurbjarnarstaðir, Miðneshr., 28.október (GÞ, ÓKN).
Grindavík, Þorbjörn, 28.október (EÓ, JBH, KHS).
Grindavík,hjallar norðan bæjar, tvö pör 28.október karlf. ⊕ (EÓ, JBH, KHS).
Grindavík, Staður, kvenf. 28.október ⊕ (EÓ, JBH, KHS).
Garðskagi, kvenf. 28.-29.október ⊕ (GÞ, ÓKN o.fl.).
Grindavík, hjallar sunnan Seltjarnar, kvenf. 29. október ⊕ (EÓ, GP, KHS).
Ytri Njarðvík, tveir karlf. og þrír kvenf. 18.desember (KHS), átta 26.desember (GÞ). Bókfinkur sáust á þessum stað fram á útmánuði 1980.
Garður, þrír 26.desember (Sigurður Blöndal), tveir kvenf. 27.desember (EÓ, KHS, SÞ). Sáust fram í apríl 1980.

N-Múlasýsla:
Þorvaldsstaðir í Bakkafirði, karlf. í mars (Þórarinn Haraldsson).

Reykjavík:
Miðbær, kvenf. 29.-31.október (JÓH).
Grímsstaðaholt, einn 1.nóvember (ÁE).
Hávallagata og nágr., einn til þrír kvenfuglar 5.-31. desember (GÞ o.fl.), allt að sex 17.desember (GÞ), Sáust fram í maí 1980.
Melar, einn 6.desember (Lúðvík Gissurarson).

Eiðisgrandi, kvenf. 26.desember og fimm (þar af a.m.k. einn karlf.) 27.desember (Agnar Ingólfsson), líklega Hávallagötufuglarnir.
Fossvogur, fjórir í byrjun nóvember (SÞ), par 24.nóvember (ÓKN).
Laugardalur, þrír (þar af a.m.k. tveir kvenf.) 5.nóvember (KHS).
Vogahverfi, kvenf. 24.desember (ÆP).

A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, þrír kvenf. 23.-27.október, ein 29. október til 7.nóvember, par 15.-17.nóvember, kvenf. til 3.desember (HB).
Reynivellir í Suðursveit, fimm 23.október til 23.nóvember einn ⊕ 30.október (BA).
Hof í Öræfum, tveir 5.nóvember (HB).
Höfn í Hornafirði, 5.nóvember (EP).

V-Skaftafellssýsla:
Kirkjubæjarklaustur, tveir kvenf. 25.nóvember (ÆP).
Vestmannaeyjar:
Heimaey, 20.apríl (SS).

Fjallafinka *Fringilla montifringilla*

(N- og NA-Evrópa og norðanverð Asía til Kyrrahafs).
Algeng vor og haust. Hefur orpið hér.

Árnessýsla:
Hveragerði, karlf. 12.október (IG).
Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Grindavík, tveir 14.október (EÓ, GÞ, KHS), par 28.
október kvenf. ⊕ (EÓ, JBH,KHS), karlf. 29.október
(EÓ, GP, KHS).
Vatnsleysustr., Hái-Bjalli, kvenf. 19.október ⊕ (ÓKN).
Halamið: Kvenf. settist á bát 55-60 sjómílur undan mynni Ísafjarðardjúps, náðist 10.-15.október og lifði í tvo daga (Jón Þórðarson).
S-Múlasýsla:
Hallormsstaður, karlf, 31.maí til 2.júlí (Björn Björnsson, Kolbrún Sigurbjarnardóttir).
Reykjavík:
Laugardalur, karlf. um 24.maí til 10.júní (skv. SÞ ofl.).
Ártún, karlf. 6.júní til ca. 20.júní (Jón Sveinbjörnsson o.fl.).
Blesugróf, karlf. 11.júní (Lúther Kristjánsson).
Hljómskálagarður, karlf. 29.-31.október (ÓKN o.fl.).
A-Skaftafellssýsla:
Kvísker í Öræfum, einn 1.marz (Sigurður Björnsson), einn 7.maí, tveir 23.október, átta 26.október, tíu 27.-28. október, a.m.k. einn 29.október- 7. nóvember (HB).
Höfn í Hornafirði, þrír kvenf. og einn karlf. 6.október (EP).
Reynivellir í Suðursveit, þrír 14.-16.október, fimm 23.-25.október, a.m.k. þrettán 26.október, einn 30.október ⊕ og ungur karlf. 26.nóvember ⊕ (BA).
V-Skaftafellssýsla:
Skammadalshóll í Mýrdal, kvenf. 17.apríl (EHE).

Dómpápi *Pyrrhula pyrrhula*

(Evrópa og miðbik Asíu að Kyrrahafi og SV-Asía). Fremur sjaldgæfur flækingur,

A-Skaftafellssýsla:
Höfn í Hornafirði, karlf. 12.nóvember (EP).

Gráspör *Passer domesticus*

(Upphafleg heimkynni: Evrópa, N-Afríka, SV-, S- og M-Asía). Gráspörvar hafa verið fluttir til landa víða um heim og breiðst mjög út. Fremur sjaldgæfur flækingur, en hefur orpið á nokkrum stöðum, m.a. á Borgarfirði eystra frá 1971.

N-Múlasýsla:
Borgarfjörður eystri, varpfugl, a.m.k. þrír fullo. karlf. fimm fullo. kvenf./ungf. og einn nýfleygur ungi 5. ágúst (GP, KHS, SÞ).

Laufglói *Oriolus oriolus*

(Evrópa, nema norðurhluti álfunnar, NV-Afríka og Asía). Sjaldgæfur flækingur.

Mýrasýsla:
Hofsstaðir, Álftaneshr., kvenf./ungf. í apríl eða maí, náðist en dó ⊕ (Ingibjörg Friðgeirsdóttir).

Dvergkráka *Corvus monedula*

(Evrópa, NV-Afríka og V-Asía). Allalgengur flækingur. Hefur komið í stórum hópum. Náttúrufr. 49.árg. (1979), bls. 204-220.

Reykjavík:
Tjörnin og nágrenni, 3.marz til 20.apríl (ÓKN o.fl.).

Gullbringu- og Kjósarsýsla:
Kópavogur, 24.apríl, e.t.v. sami fugl og við Tjörnina í Reykjavík (AG).

Kráka *Corvus corone*

Grákráka og svartkráka eru nöfn á tveimur deilitegundahópum kráku: "cornix" (4 deilitegundir) og "corone" (2 deilitegundir), (Grákráka: Norðan- og austanverð Evrópa, NA-Afríka, V-Asía). (Svartkráka: SV- og V-Evrópa og mið og austanverð Asía). Grákrákur sjást hér öðru hvoru, en svartkrákur hafa aldrei sést hér.

N-Múlasýsla:
Skipalækur, Fellahr., 27.-31.október (Vigfús Jónsson).

Fylgiskjöl

Fylgiskjal I

Heiðraði fuglaskoðari

Fyrir skömmu var haldinn fundur á Náttúrufræðistofnun Íslands, og komu þar saman allmargir fuglaáhugamenn. Tvö mál voru á dagskrá fundarins:

1. Hvernig standa skal að birtingu efnis um sjaldgæfa varpfugla og flækinga, en meirihluti þess er varðveittur á Náttúrufræðistofnun.

Þetta mál var ekki útrætt og verður ekki reifað frekar í þessu bréfi.

2. Hvernig skal háttað birtingu slíkra gagna í framtíðinni.

Menn voru samála um, að heppilegast væri að birta nýjungar í sérstökum ársskýrslum, t.d. í Náttúrufræðingnum. Hver skýrsla yrði samantekt um alla flækingsfugla tiltekins árs, ásamt upplýsingum um stað, stund, finnanda o.s.frv. Slík yfirlit tíðkast í flestum nágrannalandanna, fuglaskoðurum til fróðleiks og vísindamönnum til nota. Til þess að ársskýrslurnar hafi vísindalegt gildi verða þær umfram allt að vera áreiðanlegar. Þess vegna er hópur reyndra fuglaskoðara látinn fara yfir gögnin og meta þau.

Nú er hugmyndin að safna saman öllum athugunum um flækinga og sjaldgæfa varpfugla á Íslandi og vinna þau til birtingar í ársskýrslum. Ljóst er, að verk þetta er ekki framkvæmanlegt nema með víðtæku samstarfi Náttúrufræðistofnunar og fuglaáhugamanna. Þess vegna hefur verið myndaður samstarfshópur þessara aðilja, er fjalla skal um ofangreind mál. Reynslan sýnir, að ótrúlega margir greina fugla rangt til tegundar, og eru hinir reyndustu fuglaskoðarar ekki undanskildir. Það er því nauðsynlegt, að fjallað sé um athuganir og þeim, sem þykja vafasamar, hafnað með rökstuðningi.

Ákveðið hefur verið að leita stuðnings fuglatalninga- og fuglamerkingamanna, svo og annarra, sem vitað er að hafa áhuga á fuglum. Á þessu stigi málsins höfum við mestan áhuga á upplýsingum um flækinga og sjaldgæfa varpfugla frá árinu 1979. Að sjálfsögðu eru eldri gögn einnig vel þegin, svo og gögn um varp- og umferðarfugla. Okkur þykir einnig fróðlegt að vita hvernig þú hagar skráningu athuganna þinna. Því spyrjum við, hvort þú sért reiðubúinn að taka þátt í áðurnefndu starfi með því að senda þær upplýsingar sem þú kannt að búa yfir, eða afla í framtíðinni.

Til að hraða verkinu, er nauðsynlegt að fá gögn ársins 1979 fyrir miðjan mars 1980. Eftir að athuganir hafa verið yfirfarnar, muntu fá árslistann sendan, vonandi með haustinu. Slíkt fer að nokkru eftir því hve menn bregðast fljótt við. Litið verður á þennan lista sem handrit í fyrstu. Hann verður líklega ekki birtur á prenti, fyrr en eldri gögn hafa verið unnin og birt. Sú vinna mun taka nokkur ár, Þó verður leitast við að halda saman athugunum hvers árs héðan í frá, og verða árslistar gefnir út fljótlega eftir að eldri gögn hafa verið unnin.

Ef þú þekkir einhverja, sem kunna að hafa áhuga á efni þessa bréfs, væri vel að þú kynntir þeim það. Bréfinu fylgir spjald til að auðvelda skráningu athuganna og leiðbeiningar um útfyllingu þess. Ef þú óskar eftir fleiri spjöldum, verða þau send um hæl.

Bréf og gögn sendist:

Náttúrufræðistofnun Íslands
Pósthólf 5320
125 Reykjavík (merkt Flækingsfuglar)

Kærar kveðjur með von um að þú bregðist skjótt og vel við.

Fyrir hönd samstarfshóps fuglaáhugamanna og Náttúrufræðistofnunar,

Ævar Petersen — Gunnlaugur Pétursson

Ævar Petersen Gunnlaugur Pétursson

(Jan 1980)

Fylgiskjal II

**NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS**
FUGLASKRÁ

TEGUND

UNDIRTEGUND

ATHUGANAMAÐUR (finnandi) OG HEIMILISFANG

STAÐUR (bær, hreppur, sýsla; bæjarfélag o. s. frv.)

REITUR

SÉÐ EÐA NÁÐ

HVERNIG NÁÐ; HVAÐ GERT VIÐ HANN (þá)

ATHUGANATÍMABIL

SÖFNUNARDAGUR

SAFNANDI

AÐRIR ATHUGANAMENN (sem staðfesta ákvörðun)

VÖRSLUMÁTI

HVAR GEYMDUR

ÞYNGD

KYN

KYN- OG ALDURSGREINING; ÁSTAND FUGLS

AÐFÆRSLUNR.

FITA

ALDUR

RM-NR.

ÝMSAR ATHUGASEMDIR (s.s. nánari staðsetning, lýsing á fugli, lýsing á atvikum o.s.frv.)

HEIMILD AÐ ÚTFYLLINGU (birt, bréf, dagbók, munnl., skýrsla, símatilk.)

ATHUGASEMDIR VIÐ ÁKVÖRÐUN

BIRTING GAGNA